

Efni: Skipulagssvið. Staða verkefna apríl 2020,
Samantekt vegna stöðu ýmissa skipulagsverkefna.

- Hjallabraut aðalskipulag** er í auglýsingu til og með 15.5. nk.
Deiliskipulagstillaga hefur verið í vinnslu og verður lögð fyrir næsta fund skipulags- og byggingarráðs þann 21.4.2020 . Halda þarf kynningarfund um báðar tillögurnar aðal- og deiliskipulagsbreytingu.
Fundur vegna lýsingar aðalaskipulagsbreytingar er ná til fleiri þéttingarsvæða innan bæjarmarka var haldinn. Þá var Hjallabrautin kynnt.
 - Boða þarf til fundar þar sem báðar tillögurnar eru kynntar, aðal- og deiliskipulagsbreytingin.
 - Sú kynning þarf að fara fram sem fyrst. Best færi á því að halda slíkan kynningarfund strax í vikunni 27-30. apríl. Með því móti gefst íbúum tækifæri á að koma athugsemdum sínum á framfæri er varðar báðar breytingartillögurnar.
- Hlíðarbraut** var samþykkt í bæjarstjórn þann 18. mars. Tillaga að aðalskipulagsbreytingunni var afhent Skipulagsstofnun til yfirferðar þann 27.3. sl. Haft var samband við stofnunina þann 8. apríl sl. þar sem óskað var eftir viðbrögðum. Í kjölfarið barst bréf Skipulagsstofnunar með tölvupósti. Stofnunin samþykkir að aðalskipulagsbreytingin fari í auglýsingu þegar uppdráttur hefur verið lagfærður. Snúa athugasemdir stofnunarinnar að því að leggja þarf áherslu á hvernig íbúum verði kynntar breytingarnar. Þær athugasemdir sem stofnunin leggur fram eiga frekar við á deiliskipulagsstigi.
 - Auglýsa þarf aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulagsbreytinguna samhliða. Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 10.3.2020 að auglýsa tillögur að breyttu deiliskipulagi og aðalskipulagi og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar sbr. 2.mgr. 41.gr. skipulagslaga. Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 19.3.sl.
 - Tillögurnar verða því settar í auglýsingu hið allra fyrsta.
- Hraun vestur – IB2.** Aðalskipulagsbreyting ásamt greinagerð verður lögð fyrir á ráðsfund þann 21. apríl nk.
- Hrauntunga 5.** Er í bið þar til búið er að ganga frá umsókn vegna lóðarinnar og hún samþykkt í bæjarstjórn. Verður lagt fram á næsta fundi bæjarstjórnar þann 22.4. nk. Að því loknu verður hægt að fara í þær deiliskipulagsbreytingar sem óskað hefur verið eftir.



HAFNARFJÖRÐUR

5. Skipulagsvinna vegna Hringbraut/Selvogsgata.

Hafin er vinna við við tillögugerð. Stefnt er að því að skipulagshöfundur kynni frumdrög á fundi ráðsins eftir páska. Unnið er að tillögu sem byggir á hugmyndum þéttingarskýrslu um byggingarmagn og þéttleika.

6. Stofnræsi á Völlum klárast í auglýsingu þann 21. apríl. Íbúafundur var haldinn vegna þessa þann 22. ágúst 2019, Norðurhelli kl.17.

Á þessum fundi var farið yfir bæði aðal- og deilisk.br. Þau atriði sem fram komu á fundinum voru m.a. færð inn í skipulagsvinnuna. Lítur það m.a. að því að menn vildi að dren yrði útfært við Vellina sem næst eru enda flæðir vatnið niður hlíðarnar við Grísanes. Fundurinn var ágætlega sóttur og vel gert grein fyrir því verkefni sem í vændum er. Fyrirvari er á útboðsgögnunum hjá Guðmundi Elíassyni þar sem disk. hefur ekki tekið gildi. Haft var samband við Skipulagsstofnun þann 8. Apríl sl. Þar sem óskað var eftir afstöðu stofnunarinnar er varðar kynningarfund og hvort þörf væri á að halda annan slíkan vegna þeirra breytinga sem eru í auglýsingu. Stofnunin telur að öll skilyrði hafi verið uppfyllt á fundinum í ágúst 2019 og því sé ekki þörf á frekari kynningu vegna aðal- og deilisk.

7. Ásvellir. Skipulagið hefur verið afhent Skipulagsstofnun þann 30.3.sl. Haft var samband við stofnunina þann 8. apríl sl. Þá lágu ekki fyrir niðurstöður vegna skipulagsins.

- Beðið er eftir samþykki stofnunarinnar til að auglýsa í B-deild.
- Jafnframt skal auglýsa niðurstöðu sveitastjórnar í dagblöðum þegar skipulagið hefur öðlast gildi með birtingu í Stjórnartíðindum.

8. Önnur svæði sem þegar hafa verið samþykkt.

- Stekkjarberg 9, 13 íbúðir, GG Verk hyggs hefja framkvæmdir í vor.
- Lækjargata 2 – Dvergur, 20 íbúðir.
- Skipalón 3, 6
- Hamarsbraut 5, 2 íbúðir. Ræða mætti við Ríkiskaup varðandi
- Suðurgötu 44, þar má búa til 15 íbúðir.

Samtals eru þetta 31 íbúð.

Þótt enn hafi ekkert gerst á þessum ofangreindum svæðum getur verið erfitt fyrir sveitarfélagið að setja lóðarhöfum afarkosti og krefja þá um framkvæmdir nema um annað hafi verið samið.

9. Endurskoðun aðalskipulags. Þann 11.2.2020 var bókað í ráðinu: Skipulags- og byggingarráð felur skipulagsfulltrúa að ljúka vinnu við drög að lýsingu vegna endurskoðunar Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025.

Þar áður hafði ráðið sjálft haldið tvo vinnufundi vegna lýsingar, þann 6. og 17. des. 2019. Von er á gögnum frá verktökum sem hafa tekið að sér endurskoðun aðalskipulagsins. Mikilvægt er að sú lýsing fái góða yfirferð, þar sem hún er stefnumarkandi.



HAFNARFJÖRÐUR

10. **Hamranes.** Gögn voru afhent Skipulagsstofnun í lok mars. Enn er beðið eftir heimild til að birta gildistöku deiliskipulaga sem hafa verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.
11. **Reykjanesbraut.** Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 7. apríl sl. skipulagslýsingu og að málsmeðferð verði í samræmi við 30.gr. skipulagslaga. Jafnframt var erindinu vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar og verður nú lagt fyrir á næsta fundi. *Vegagerðin* þarf að leggja fram *umhverfismat* svo hægt verði að hefja framkvæmdir frá gatnamótum við Krýsuvík að Hvassahrauni.
12. **Aðalskipulagsbreyting hafnarsvæði.** Vinna við lýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga er í gangi.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt